

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2024
2403263 LÍV / 20.0/

Efni: Umsögn LÍV um 939. mál- Samvinnufélög, Evrópufélög og evrópsk samvinnufélög

LÍV, Landssamband íslenskra verslunarmanna, fagnar framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum um samvinnufélög og telur að með því sé stígið mikilvægt skref í að gera starfsmanna-samvinnufélög að raunhæfum valkosti í atvinnurekstri hér á landi. Vísun við þar sérstaklega til þeirrar breytinga sem fram koma í 2.gr þar sem fjölda sem þarf til þess að stofna samvinnufélög er breytt úr 15 í þrjú.

LÍV telur að starfsmanna-samvinnufélög séu mikilvæg leið til þess að efla áhrif starfsfólks, enda má rekja hugmyndir um slík félög allt aftur til ársins 1760 í Bretlandi. Með þeirri breytingum sem hér eru lagðar til, teljum við að tekið sé skref í átt að aukinni lýðræðisvæðingu í íslensku atvinnulífi, en Ísland virðist hafa setið eftir þegar kemur að stofnun starfsmanna-samvinnufélaga, sem er þó vinsælt félagsform í mörgum þeirra landa sem við viljum bera okkur saman við.



Ragnar Þór Ingólfsson
Formaður LÍV